




**Kveðja
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
til landsþings
Slysavarnafélagsins Landsbjargar
Ísafirði 29. maí 2015**

Saga þjóðarinnar geymir minnisverðar frásagnir um átök við erfiða náttúru; villur landpósta á fjallvegum, báta í hafsnauð, ágjafir vegna eldgosa eða landskjálfta. Þessi glíma hefur á langri leið mótað sjálfsmynd og sjálfsvitund þjóðarinnar, kennt okkur að bera virðingu fyrir öflum sem búa í iðrum jarðar eða ólgandi úthafi, öflum sem geta tekið af okkur öll völd. Þegar hættur steðja að höfum við lært að setja allt okkar traust á liðsmenn Slysavarnafélagsins Landsbjargar og það víðtæka net öflugra og viljugra sjálfbóðaliða sem teygir sig um allar byggðir landsins.

Við vitum að ykkar hæfa sveit er ávallt reiðubúin að koma til brýnna starfa með engum fyrirvara, sinna leitar- og björgunarstörfum oft við hinar erfiðustu aðstæður, bjarga sjómönnum úr fjötrum hafsins, finna ferðalanga sem villst hafa af leið í öræfum, koma á vettvang þar sem snjóflóð hefur fallið, leggja bændum lið við að bjarga búsmala eða liðsinna almenningi þegar stormar geisa, þakplötur fjúka og verðmætum er ógnað. Við þessar aðstæður treystir þjóðin á liðsinni björgunarsveita sem sameina þjálfun og hæfni, vilja og verkkunnáttu.

Það hefur verið afar ánægjulegt að eiga þess kost að heimsækja vettvang margra sveita vítt og breitt um landið, skynja ríka samstöðu og stuðning, metnað til að koma öðrum til hjálpar, vilja til að leggja líf sitt í sölu þegar svara þarf kalli á hættustundu.

Mér þykir leitt að geta ekki verið með ykkur á Ísafirði í dag, mínum gamla og góða heimabæ, en sendi ykkur öllum mínar bestu kveðjur og óskir um farsæld í mikilsverðum verkum um leið og ég þakka ykkur störf í þágu þjóðarinnar allrar.



Ólafur Ragnar Grímsson